

Fundargerð 33. fundar

Verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins að Sólvangi.

Árið 2018, fimmtudaginn 12. apríl, kl. 15:30 kom verkefnastjórn hjúkrunarheimilisins saman í bæjarráðssal að Strandgötu 6.

Fundinn sátu: Helga Ingólfssdóttir, Elísabet Valgeirsdóttir, Gylfi Ingvarsson, Birna Ólafsdóttir, Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir og Siguður P. Sigmundsson.

Fundinn sátu einnig Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu sem ritaði fundargerð.

1. Verkstaða.

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu gerði grein fyrir stöðu verksins. Verktaki er búinn að vinna upp tafir að hluta til og er áætlað að ljúka verkinu 17.nóvember.

Vísað er í verkfundargerð nr. 21 frá 21.mars s.l. Þak verður óbreytt skv. teikningum.

Næsti fundur verkefnastjórnar verður þann 26.apríl kl. 8:30 á vettvangi og verður byggingin skoðuð og farið yfir stöðuna.

2. Staða á viðræðum vegna eignaskiptasamninga

Búið er að funda með ríkiseignum og fjármála- og efnahagsráðuneytinu vegna eignaskiptasamninga á Sólvangi. Lögð er áhersla á að fá þvottahúsið og búningsklefa í kjallara og matsal og eldhús á fyrstu hæð. Ríkiseignir samþykkja þá tillögu og fyrir liggur að ganga frá samningum við fjármálaráðuneytið.

Þegar samkomulag liggur fyrir þá verður haft samband við heilbrigðisráðuneytið og ítrekuð krafa um allt að 33 rými til viðbótar.

3. Rætt um rekstur heimilisins.

Sviðsstjóra fjölskylduþjónustu er falið að kalla eftir upplýsingum frá heilbrigðisráðuneytinu varðandi fyrirhugaðan rekstrarsamning vegna heimilisins.

4. Listaverk fyrir hjúkrunarheimilið

Lögð fram fyrirspurn frá myndlistarmanni varðandi fyrirhuguð listaverk fyrir hjúkrunarheimilið. Erindið lagt fram og rætt.

Fundi slitið kl. 16.30